



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

PH Blikk

kt. 580196-3146

**Gagnheiði 37,
800 Selfoss**

vegna blikksmíði í starfstöð fyrirtækisins að Gagnheiði 37, 800 Selfoss.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 15. nóvember sl. umsókn Þrastar Hafsetinssonar, kt. 200164-2539 f.h. PH Blikk., kt. 580196-3149, um starfsleyfi fyrir Blikksmíði að Gagnheiði 37, 800 Selfoss.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst þann 16. nóvember sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 16. nóvember sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Árborgar. Þann 24. nóvember sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu



Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir blikksmíði á vegum ÞH Blikk ehf. á heimasiðu sinni. Auglýsingin var birt þann 16. nóvember sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 14. desember.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 215. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 25. nóvember sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn ÞH Blikk ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 14. desember 2021.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Reynir Freyr Jakobsson,
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFI

PH Blikk

Blikksmiði

**Gagnheiði 37, fastanr. 2186134, 2186135 og 2186136
800 Selfoss**

kt. 580196-3149

Nafn og kt. rekstraraðila: **PH Blikk ehf, kt. 580196-3149**
Heimilisfang: **Gagnheiði 37, 800 Selfoss**

Útgáfudagur: 14. desember 2021 Gildir til: 14. desember 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir lítil blikk- og málmsmiðaverkstæði
dags. 14. desember 2021**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækí um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 14. desember 2021


Reynir Freyr Jakobsson
Heilbrigðisfulltrúi



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Endurskoðað 2017, uppfært 21.12.2018

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR lítill blikk- og málmsmíðaverkstæði

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsinguna
nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist
ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

Rgl.nr. Uppfyllt

1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur lítilla blikk- og málmsmíðaverkstæða.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um han n viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

Rgl.nr. Uppfyllt

2.1	Halda skal húsnæði og umhverfí snyrtilegu.	737/2003 16. og 18. gr.	
2.2	Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 - Veffang www.hsl.is - Netfang hsl@hsl.is - Kennitala 480284-0549

Endurskoðað 2017, uppfært 21.12.2018

2.3	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. ónýtar vélar og vélahluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysahættu.	737/2003 16. gr.	
-----	---	---------------------	--

3. MENGUNARVARNIR

Rgl.nr. Uppfyllt

3.1	Afsog frá vinnslurými skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5 gr. og 9. gr.	
3.2	Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni. Véluum og öðrum tækjum sem mikill hávaði (þung högg) stafar frá skal komið fyrir á þúðum eða með öðrum þeim hætti sem tryggir að hávaði valdi ekki óþægindum í aðliggjandi húsnæði. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	

4. EFNAÖRYGGI

Rgl.nr. Uppfyllt

4.1	Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp.	553/2004	
-----	---	----------	--

5. ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

Rgl.nr. Uppfyllt

5.1	Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum og skulu þau standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.	737/2003 17. gr.	
5.2	Dregið skal úr myndun úrgangs. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur.	737/2003 11. gr.	
5.3	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu.	806/1999 5. gr	
5.4	Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokaðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hætta á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu.	806/1999 8. gr., rgl. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013	



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 - Vettfang www.hsl.is - Nettang hsl@hsl.is - Kennitala 480284-0549

Endurskoðað 2017, uppfært 21.12.2018

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist itarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, 14. desember 2021

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Reynir Freyr Jakobsson
heilbrigðisfulltrúi